



Alþingi
Erindi nr. **P** 127/2279
komudagur 26.06.2002

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. júní 2002


Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra og búnaðarlaga, 654. mál.

Tilv: 02040040

Visað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 19. apríl, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda tillögu.

Stjórn Bændasamtaka Íslands mælir með því að umrædd lög verði tekin til endurskoðunar, einkum með tilliti til samræmingar lagaákvæða og alþjóðlegra skuldbindinga, en ekki sé sértök ástæða til að herða löggjöfina frá því sem nú er.

Virðingarfyllst,
F.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/2153
komudagur 13. 5. 2002

DÝRALÆKNAFÉLAG **ði** ÍSLANDS
Icelandic Veterinary Association · Lágmúli 7 · IS
Pósthólf 10263 · 110 Reykjavík · Sími / Tel.: +354-568 9545

Alþingi, Landbúnaðarnefnd
Einar Farestveit, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík 10.maí 2002.

Dýralæknafélagi Íslands hefur borist til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra, nr. 54/1990. Þskj.1053-654.mál.

D.Í. styður það að sett sé löggjöf um verndun íslenskra búfjárstofna, en telur að slík ákvæði eigi ekki heima í lögum um innflutning dýra.

Innflutningur dýra verður ætíð að vera háður áhættumati samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum, en Ísland er aðili að alþjóðlegum stofnunum og samningum þar sem svo er kveðið á um.

Að mati D.Í. er því réttara að setja sérstaka löggjöf um verndun íslenskra búfjárstofna, óháð lögum um innflutning dýra.

F. h. Dýralæknafélags Íslands,



Ólafur Valsson formaður D.Í.



Landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Einars Farestveit
Alþingi
150 Reykjavík

7. maí 2002
Snr. 11/01-1820/MH

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 19. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn dýraverndarráðs um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og búnaðarlaga nr. 70/1998. Markmið með endurskoðun laganna er að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

Dýraverndarráð telur það jákvætt að endurskoða umrædd lög og mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 127/2112
komudagur 7.5.2002

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2002

Efni : Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra.

Þskj.1053 --- 654.mál ,127. löggjafarþing 2001 - 2002.

Forystufjarræktarfélag Íslands þakkar bréf Landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 26. apríl 2002 með beiðni um umsögn um framangreint mál.

Félagið telur brýnt að gagnger endurskoðun fari fram á lögum um innflutning dýra með hliðsjón af auknum kröfum um verndun erfðaefnis hér á landi og erlendis og vaxandi hættu á að hingað til lands berist skæðir sjúkdómar. Þar við bætist að nokkur ákvæði núgildandi laga hafa verið túlkuð á mismunandi vegu og er það ástand óviðunandi, sbr. miklar umræður sem orðið hafa um áformaðan innflutning fósturvísa úr norskum NRF kúm.

Forystufjarræktarfélag Íslands mælir því eindregið með samþykkt framangreindrar þingsályktunartillögu um endurskoðun laga um innflutning dýra og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni.

Virðingarfyllst,

f.h. Forystufjarræktarfélags Íslands



Ólafur R. Dýrmundsson
Jóruseli 12
109 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/2120
komudagur 10.5.2002


Bóli Biskupstungum 06. apríl. 2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis

Þakka bréf dagsett 26. apríl s.l.

Ég er mjög sáttur við þær breytingar sem gerðar eru í þeirri þingsályktunartillögu sem mér var send. Ég tel mjög mikilvægt að vernda sérstaka eiginleika íslenskra dýra s.s. geita, kúa, kinda og hrossa. Sýnist mér þessi tillaga ganga mjög í þá átt.

Með kveðju



Hinrik Ó Guðmundsson
Formaður geitfjárræktafélags Íslands.



Landssamtök
sauðfjárbænda

Alþingi
Erindi nr. P 127/2125
komudagur 10.5.2002

Reykjavík 7. maí 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur farið yfir tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra, 654. mál. Engar athugasemdir eru að hálfu samtakanna og fagnar stjórn þessari tillögu til þingsályktunar og vonast til að hún nái fram að ganga.

Fh. stjórnar Landssamtaka sauðfjárbænda

Ózur Lárusson
Framkvæmdastjóri
Bændahöllinni v/Hagatorg
107 Reykjavík
ls@bondi.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/2126

Til: *komudagur 10.5.2002*
Nefndasviðs Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Frá
Litfara
c.o. Páll Imsland
Skipasund 46
104 Reykjavík

Reykjavík 8.5.2002

Félagið hefur móttengið bréf frá Landbúnaðarnefnd Alþingis, dagsett 26.4.2002, er inniheldur beiðni um umsögn vegna þingsályktuartillögu um endurskoðun laga um innflutning dýra (654. mál). Stjórn félagsins hefur rætt efni bréfsins og orðið ásað um að svara því með eftirfarnadi tiltölulega löngum náttúrufræðisáttum innangangi að annars örstuttu lokasvari.

Inngangur

Náttúran hefur framkallað þá miklu fjölbreytni sem til er í dýrastofnum heimsins og innan þeirra með aðferð sem við köllum þróun. Þróun hefur verið að verki í þúsundir miljóna ára og sú mynd sem við höfum af nú- og fyrrverandi dýralífi heimsins er afrakstur þessa langa starfs. Það sem einkennir þróun í þessu sambandi er fyrst og fremst það að vilji mannsins kemur þar hvergi nærri. Maðurinn er sjálfur afrakstur þessarar þróunar.

Þróunin sjálf virðist fyrst og fremst vera afar hægfara afrakstur aðlögunar og afkomumöguleika einstaklinga hvernar kynslóðar. Vísindin þekkja engin algild lögmál sem stjórna þróun, né hefur nokkuð bænd til þess, að yfir þróun ráði einhver alsjáandi vitund sem stýrir gangi hennar. Þróunin virðist fyrst og fremst vera vitundar- og viljalaus aðlögun tegundanna að breytingum umhverfisins og þeim möguleikum sem það býður þeim upp á.

Þróunin er þannig orsök fjölbreytileikans í lífríki heimsins.

Maðurinn hefur á seinni öldum tekið upp á því að hafa vísvitandi áhrif á gang þróunarinnar hjá einstökum tegundum og beitir til þess tveim aðferðum. Sú eldri og sú sem lengri reynsla er af kallast ræktun, en sú yngri og sú sem enn er á tilraunastigi kallast klónun. Sumir telja að þessi afskipti séu til góðs, en átta sig lítt á því að þau eru einnig til ills. Sá ókostur þessara afskipta sem hér er vísað til er einkum bagalegur í ljósi þess tilgangs sem m.a. er ræddur í greinagerðinni með þingsályktuartillöguninni og lýtur að hinum líffræðilega fjölbreytileika.

Ræktun dýra byggist á því að hindra frjáls samskipti þeirra um mökunartímann og koma þannig í veg fyrir að tegundin þróist eins og henni er eðlilegt að gera sem sjálfstæðri einingu í náttúrunni. Það er klyppt á þróunarferlið. Þess í stað stjórnar vilji mannsins framhaldi tegundarinnar.

Ræktun dýra er fyrst og fremst ástunduð á þann hátt að velja saman tvo einstaklinga andstæðra kynja til undaneldis. Þá stjórnar vilji mannsins valinu. Val manna snýst um þá viðleitni þeirra að fá við ræktunina fram gripi sem eru betri en foreldrarnir varðandi ákveðna þætti í útliti, hæflekum, skapferli, afurðaframlegð eða einhverju öðru sem menn kjósa sér. Til þess að þessi framför geti orðið vikur venjulega einhver annar eiginleiki eða veikist hjá einstaklingnum. Ræktun leiðir þannig til breytinga eins og þróunin gerir en gjörólíkra þó. Breytingarnar eru fyrst og fremst ólíkar að því leiti að þær framkalla einsleitni en ekki fjölbreytileika. Ræktunin stefnir nefnilega yfirleitt að því að framkalla einhæfari gripi og innbyrðis líka en afkastamikla á umræddu sviði, einhæfari og afkastameiri umfram það sem stofninn var. Afleiðing ræktunar er sem sagt vaxandi einsleitni og víða eru húsdýrastofnar orðnir svo lang- og þrautræktaðir að hjarðir þeirra hafa eitt og einsleitt útlit eða hæfileika.

Klónun gengur ennþá lengra. Hún snýst um það að framleiða alstaðlaða gripi, gripi sem allir eru eins og foreldrið, sem aðeins er eitt, en ekki þar eins og algengast er meðal æðri dýra. Afkvæmið er nákvæm eftirmynd foreldrisins að öllu leiti öðru en því sem umhverfið framkallar á því eftir á.

Ræktun og klónun skerða þannig og eyða fjölbreytileikanum og hindra áframhaldandi náttúrulega þróun.

Þessi formáli er hér dreginn upp til þess að benda á þá staðreynd að hin umfangsmikla ræktunarviðleitni sem stunduð er í landbúnaði hérlendis er í frumeldi sínu andstæð þeirri hugsun sem felst í viðleitninni til þess að vernda fjölbreytileikann. Þetta er nauðsylegt að hafa í huga ef árangur á að verða af þeim tilgangi. Það er ekki líklegt að slíkur árangur náist nema að um leið sé að því hugað að skemma hann ekki með ræktun.

Þess eru ljós dæmi að ræktun íslenskra húsdýra hefur breytt stofninum svo mikið að jafnvel hefur nálgast útrýmingu vissra eiginleika, hyrndar kýr eru að hverfa, forystufé á í vök að verjast, litförótt hross eru orðin undir 0,1% af stofninum og fleira í þeim dúr. Menn hafa jafnan einblínt svo á ræktun sem algóða og æskilega viðleitni að þeir hafa ekki hugað af gaumgæfni að afleiðingunum fyrir stofninn; einblýnt á það sem út úr ræktuninni kemur en ekki horft til þess sem eftir stendur og er grundvöllur annarnar áherslu í ræktun, en það er fjölbreytileikinn, erfðabreiddin í stofninum sem ræktað er úr. Hana má ekki skerða ef stofninn á að vera áframhaldandi uppspretta fjölbreytileikans.

Að þessu þarf að huga í nýjum lögum og helst af öllu þyrfti að endurskoða öll núgildandi lög og reglur um rækunarmálefni í þessu ljósi, þannig að ræktun okkar búi ekki yfir þeim möguleika að skemma stofnana. Þess vegna væri líka æskilegt að endurskoða lög, reglur og afstöðu til ræktunar innlendu stofnanna og ræktunartelaga á þeim vettvangi. Er rétt að gera bara strangar kröfur um framræktun innfluttra stofna, eins og gert er í þessari tillögu? Á ekki jafn vel við að skilgreina þessi mál varðandi innlendu stofnana, eða er þar allt í góðu horfi?

Umræða um þessi mál er af fremur skornum skammti í íslensku þjóðfélagi og einkennist ekki af mikilli víðsýni eða visku. Margir eiga hagsmuna að gæta og gæta sérhagsmuna sinna stíft, en færri huga að almennum hagsmunum og enn færri að hagsmunum náttúrunnar og frumstofnanna ef svo má segja. Þetta síðast talda er reyndar fremur óljóst hugtak og er það kannski einmitt vegna þess að það er svo sáralítið rétt.

Við viljum því hvetja til ennfrekari umræðu um þessi mál og afstöðu okkar til þeirra verðmæta sem fólgin eru í íslenskum dýrastofnum, meðferð okkar á þeim verðmætum, rétt eða réttleysi náttúrunnar og dýranna, ræktun og þróun og annað sem lýtur að siðferði og náttúrufræði húsdýrahalds og yfirráðum yfir einstæðum dýrastofnum.

Lokasvar


Varðandi umsögn um þingsályktunartillöguna sjálfa, þá er því til að svara að við sjáum ekki á henni annmarka og teljum þá viðleitni sem hún miðar að vera til bota.

Við göngum að sjálfsögðu út frá því að ætlunin sé áfram að banna innflutning lifandi húsdýra og viðhalda þannig eins sjúkdómafríu umhverfi hinna hefðbundnu stofna landsins og hægt er. Annað kemur í raun ekki til greina frá okkar sjónarmiði.

Við hvetjum í leiðinni til enn meiri endurskoðunar á ræktunarmálum íslenskra húsdýra en kemur fram í þessari þingsályktunartillögu, þó það verði ef til vill ekki gert í þessari lotu og við leggjum á það áherslu að umræða af þessum toga fylgi fagleri víðsýni en gjarnan hefur einkennt umræðuna hér á landi fram til þessa.

f.hönd sjórnar Litfara,

sem er félag til viðhalds litförótta litnum í íslenska hrossastofninum



Páll Imslund

Alþingi
Erindi nr. P 127/2217
komudagur 22.5.2007

Nautgripærktarfélag Íslands, Lundi, 311 Borgarnes. Sími 4351417 Netfang: lundur@aknet.is

Landbúnaðarnefnd Alþingis.
Frá Nautgripærktarfélagi Íslands.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra.

Nautgripærktarfélagi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunarum endurskoðun laga um innflutning dýra. Vegna þessarar tillögu vill NRFÍ koma eftirfarandi á framfæri:

- a. Full ástæða er til að taka til endurskoðunar lög um innflutning dýra þannig að þau samræmist nútímaviðhorfum í búfjárrækt og viðskiptum. Jafnframt er nauðsynlegt að setja lög um verndun íslenskra búfjárstofna. Þessu tvennu má hins vegar ekki blanda saman. Tilgangur laga um innflutning ætti annars vegar að vera að leggja línurnar varðandi smitvarnir við innflutning erfðaefnis, hins vegar að koma í veg fyrir innflutning kynja sem augljóslega eiga hingað ekkert erindi, s.s. kyn sem eru umdeild vegna dýravelferðar. Ákvæði um vernd íslenskra búfjárstofna ættu hins vegar heima í sér lögum eða sem hluti af búnaðarlögum.
- b. NRFÍ telur í ljósi góðrar stöðu búfjárstofna hvað snertir smitsjúkdóma, eðlilegt að gera strangar kröfur til sóttvarna við veitingu leyfa til innflutnings erfðaefnis. Jafnframt er á það bent að sóttvarnarkröfur hér í þessum efnum eru líklega þær ströngustu í heiminum. Minnt er á að síðan innflutningur dýra var heimilaður gegnum Hríseyjarstöðina er ekki vitað til að smit hafi borist með honum, á sama tíma hafa hins vegar smitnæmar dýrapestir borist með fólki og á annan hátt.
- c. Gæta verður þess við endurskoðun laga um innflutning að þau valdi ekki mismunun milli búgreina sem eiga í samkeppni. Eigi að nýta innflutningslög af fullum þunga til að vernda búfjárstofna býður það heim þeirri hættu að búgreinum sé mismunað eftir því hvort fyrir eru í landinu gamlir stofnar sem búgreinin notar sér.
- d. Óhæfilega ströng innflutningslög mega ekki koma í veg fyrir að hægt sé að bregðast við aukinni samkeppni við innfluttar afurðir. Í því sambandi er á það minnt að innflutningur landbúnaðarafurða er í flestum tilvikum leyfður en lagðir á hann verulegir innflutningstollar. Yfirstandandi WTO-viðræður kunna að leiða til þess að kúabændur þurfi að lækka verð á afurðum sínum um 10-20 % innan fárra ára vegna minnkandi tollverndar og minni innanlandsstuðnings sem eru markmið viðræðnanna. Það gengur ekki upp að banna innflutning hagkvæmari kynja en leyfa innflutning afurða þeirra og þar með samkeppni þeirra við hin gömlu kyn.

- e. Ríó-sáttmálinn er undirritaður af íslenskum stjórnvöldum og framkvæmd hans því á þeirra ábyrgð. Uppfylling hans hvað snertir verndun gamalla búfjárkynja með því að loka á allan innflutning annarra kynja gæti í versta falli þýtt að verið væri að fórna við komandi búgreinum að mestu leyti.
- f. Auknar „kröfur til rökstuðning fyrir hugsanlegum ábata af innflutningi” eru vafasamar enda í mörgum tilvikum ómögulegt að sýna óyggjandi fram á hagkvæmni fyrir en að innflutningi loknum. Má í því sambandi minna á að í undanfarandi umræðu um innflutning fósturvísu úr kúm virðist ítarlegur rökstuðningur, svo sem frá frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins fyrir hagkvæmni innflutnings ekki hafa slegið á efasemdir þar um.
- g. Ekki er að fullu ljóst hvað átt er við með “verndunarmati” sem fjallað er um í 4. tölulið greinargerðar, og orðið finnst ekki í tiltækum orðabókum. Af greinargerðinni verður þó helst ráðið að tilgangur þess sé ekki hvað síst sá að gera hugsanlegan innflutning svo dýran að af honum geti tæpast orðið. Líklega er þó jafnframt átt við einhvers konar samsvörun við umhverfismat, þar sem reynt væri að gera sé grein fyrir væntanlegum áhrifum innflutts kyns á Íslenska kúakynið. NRFÍ telur ljóst að verði af innflutningi nýs mjólkurkúakyns séu miklar líkur á að það íslenska verði undir í samkeppninni. Jafnframt er ljóst að innlend mjólkurframleiðsla kann í framtíðinni að lenda undir í samkeppninni við innflutning (sbr. d-lið) . Því er nauðsynlegt, hvort sem af innflutningi verður einhvern tímann eða ekki, að hafa tiltæka verndunaráætlun fyrir íslensku kúna, sem og önnur gömul búfjárkyn.
- h. Reglur ættu að sjálfsögðu að vera skýrar um ábyrgð vegna hugsanlegra sjúkdóma eða erfðagalla sem fylgt gætu innflutningi. Grundvallaratriði er þó að samræmi sé í lögum og reglum. Afar ólíklegt er að sjúkdómar geti borist með innflutningi fósturvísu, enda engin dæmi þess þekkt í heiminum. Hins vegar eru vel þekkt dæmi um smit með fólki (sbr. hrossapestina, hringskyrfi í nautgripum) án þess nokkur væri dreginn til ábyrgðar, en jafnræði gagnvart lögum er hornsteinn í okkar réttarkerfi. Vel þekkt dæmi eru um erfðagalla sem leynast í íslenskum búfjárkynjum og valda stundum skaða, án þess nokkur sé dreginn til ábyrgðar fyrir að selja eða dreifa gripum eða erfðaeftni sem bera slíka galla. Í þessum efnum verður að gera kröfur um jafnræði hvort sem erfðaeftni er upp runnið héraðs eða erlendis.

- i. Við endurskoðun laga um innflutning ber að gæta þess að þau stangist ekki á við alþjóðasamninga um viðskipti, þ.e. flokkist ekki undir óréttmætar viðskiptahömlur. Þá má benda hugsanlegum fylgjendum ESB-aðildar á að við inngöngu í ESB myndu sérstök lög um innflutning dýra falla úr gildi og innflutningur einungis verða háður samevrópskum heilbrigðisreglum.

Óski landbúnaðarnefnd Alþingis eftir frekari upplýsingum varðandi það sem hér kemur fram er NRFÍ reiðubúið að verða við því eftir því sem kostur er.

Lundi, 22.mai 2002, fyrir hönd NRFÍ,

Jón Gíslason.



ADALSTÖÐVAR
HEADQUARTERS: KELDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND
KENNITALA
I.D. no.: 530269-3109

Alþingi
Erindi nr. P 127/2101
komudagur 6.5.2002

SÍMI
TELEPHONE: (354) 577 1010
MYNDSENDIR
TELEFAX: (354) 577 1020

REYKJAVÍK,
2.5.2002

1-77
PT/-

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um:
Tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar 677. mál og
tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra 654. mál.**

Í tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku kýrinnar er lagt til að gerð verði sérstök áætlun um þennan eina stofn og m.a. vitnað til Ríó sáttmálans um líffræðilega fjölbreytni í því sambandi. Í tillögu um endurskoðun laga um innflutning dýra er einnig vísað til Ríó sáttmálans og nauðsyn þess að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

Í þessu samhengi er eðlilegt að fjalla sameiginlega um þessar tillögur og skyldur Íslands um viðhald og verndun erfðalinda í íslensku búfé.

Eðlilegt er að mótuð sé heildarstefna stjórnvalda um erfðalindir í landbúnaði og rétt að minna á frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, sem liggur fyrir Alþingi (landbúnaðarnefnd) þar sem lagt er til að stofnuð verði erfðanefnd landbúnaðarins, sem ætlað er m.a. að annast samráð um varðveislu erfðalinda í landbúnaði og veita stjórnvöldum og öðrum ráðgjöf varðandi þessi mál. Eðlilegt er að skuldbindingar Íslands samkvæmt Ríó sáttmálanum séu sérstaklega teknar inn í stefnumótun um erfðalindir í landbúnaði og starfsemi erfðanefndar landbúnaðarins. Heildarstefna um þennan málaflokk á að taka til allra íslenskra búfjárstofna. Stofnunin telur rétt að stefnumörkun hvað varðar íslensku kúna verði hluti af starfi erfðanefndar en ekki rétt að gera sérstaka óháða áætlun um hana.

Í lögum um innflutning dýra er ekki að finna tilvísanir til Búnaðarlaga og starfsemi erfðanefndar búfjár, sem starfar samkvæmt núgildandi lögum, né heldur til almennra skuldbindinga Ríó sáttmálans um varðveislu innlendra erfðalinda. Nauðsynlegt er að bæta úr þessu þannig að samræmi sé á milli lagagreina og alþjóðlegra samninga. Varðandi hugmyndir um verndunarmat, þá þarf að skilgreina mjög vel hvað í því felst áður en ákveðið er að setja reglur þar um og jafnframt er það álitamál hver á að bera kostnað af slíku mati og fer eftir eðli hvers máls.

Full þörf er á því að endurskoða lög um innflutning dýra til að samræma þessi atriði, þannig að lögin þjóni tilgangi sínum sem almenn löggjöf um málefnið. Hins vegar á það ekki að vera tilgangur laganna að setja hindranir fyrir öllum innflutningi heldur að tryggja staðið sé við skuldbindingar alþjóðlegra samninga að tryggja öryggi landsins varðandi sjúkdóma í dýrum og gæta að umhverfissjónarmiðum.

Í athugasemdum um frumvarpið til laga um innflutning dýra er minnst á frumvarp iðnaðarráðherra til laga um líftækniiðnað sem lagt var fram á yfirstandandi þingi. Einnig undirbjó umhverfisráðherra frumvarp til breytinga á lögum um náttúruvernd til samræmis við frumvarp iðnaðarráðherra. Þessi tvö mál voru ekki afgreidd. Þau sýna hinsvegar að brýnt er að taka á þessu máli með heildstæðum hætti atvinnuvegaráðuneytanna í millum og í samráði við umhverfisráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Tómasson

Þorsteinn Tómasson
-forstjóri-

Alþingi
Erindi nr. P 127/2164
komudagur 16.5.2002




Nefndarsvið alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. maí 2002

UMSÖGN UM ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGU UM ENDURSKOÐUN LAGA UM
INNFLUTNING DÝRA, ÞSKJ. 1053 – 654. MÁL.

Vísað er til bréfs frá landbúnaðarnefnd alþingis dags. 19. apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra, 654. mál. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa fjallað um tillöguna og hafa engar athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði


Jón K. Baldursson

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/2124
komudagur 10. 5. 2002



YFIRDÝRALÆKNIR

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160
grænt númer 800 6800
kt 660169-5399

Alþingi, Landbúnaðarnefnd,
Einar Farestveit, nefndaritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2002
Tilvísun: YDL02040040/110
HR/--

Embætti yfirdýralæknis hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra. Embættið gerir ekki athugasemdir við tillöguna og getur tekið undir 5. lið greinargerðar meðtillögunni um að setja þurfi skýrar reglur um ábyrgð innflutningsaðila á sjúkdómum og erfðagöllum sem fylgt geta erfðaeftni.

Í gildandi lögum um innflutning dýra eru þessi ákvæði ekki skýr.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson
yfirdýralæknir

Æðarræktarfélag Íslands

Stofnað 1969

Aðsetur: Bændahöllinni – Pósthólf 7080
127 Reykjavík – Sími 563 0300 – Fax 562 3058

Alþingi
Erindi nr. P 127/2111

komudagur 7.5.2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra, 654. mál.


Æðarræktarfélagi Íslands hefur borist til umsagnar “Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra.” Þskj. 1053 – 654. mál.

Í tillögunni segir: “Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, og búnaðarlaga nr. 70/1998, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.”

Stjórn Æðarræktarfélags Íslands hefur fjallað um málið og tekur undir þau sjónarmið sem fram eru sett í tillögunni og tilgreind eru í greinargerð sem henni fylgir.

Virðingarfyllst,

f.h. ÆÍ


Jónas Helgason,
formaður